


2015 - 2016

Myndir úr starfi vorannar 2016

16. júní 2016 - Ingibjörg Eypórsdóttir



Góðan dag gott fólk. Margt og mikið hefur verið gert nú í vor, t.d. vorhátíðin, útskrift nemenda, útskriftarferð og fleira. Endilega skoðið myndirnar.

Kveðja, Starfsfólk.

Skólaslit

02. júní 2016 - Björgvin Valur Guðmundsson



10. bekkur með skólastjóra og umsjónarkennara.

Skólanum var slitið í gær og var það gert í skóginum okkar, Nýgræðingi.

Veðrið lék við okkur og þetta var hin skemmtilegasta stund; ljúfsár að vísu því það er alltaf erfitt að kveðja nemendur en nýir koma í staðinn og sumarið er komið.

[Myndirnar segja þetta miklu betur en sá sem þetta skrifar en þær er hægt að sjá með því að smella hvar sem er á þessa línu.](#)

Lokadagurinn

01. júní 2016 - Jónas E. Ólafsson



Frá skólaslitunum í fyrra

Dagskráin verður eftirfarandi:

Kl. 8.00 verða eldri nemendur við smíðavinnu í "álfabyggðinni" og yngri nemendur í að snyrta til úti í Nýgræðingi, ásamt hjólaleikjum á skólavelli.

Kl. 12.00 koma allir nemendur grunn- og leikskólans og borða saman í Brekkunni. Þar verður boðið upp á Asíurétti ýmiskonar (hlaðborð).

Kl. 14.00 verða vitnisburðablöð afhent úti í Nýgræðingi og skólanum slitið.

Sundkennsla vorið 2016

13. maí 2016 - Jónas E. Ólafsson



Sundkennslan hefst fimmtudaginn 19. maí. Kennt verður í 3 hópum í fimm daga. Kennsludagarnir verða: 19., 20., 23., 26. og 27. maí. Kennari verður Vilberg Jónasson, íþróttakennari við Grsk. Fáskrúðsfjarðar.

kl. 13-14 1.-3. bekkur

kl. 14-15 4.-7. bekkur

kl. 15-16 8.-10. bekkur

Nafnalistinn:

	Nemendur í sundkennslu vorið 2016
1. bekkur	Sólveig Björg Þórarinsdóttir
	Dóra Maggý Friðjónsdóttir
	Viktoria S. Björnsdóttir
2. bekkur	Ernst Ingólfur Gasser
	Gunnar Bjarmi Borgarsson
3. bekkur	Dalía Sif Ágústsdóttir
	Matthildur Marín Jóhannsdóttir
	Ríkey Perla Arnarsdóttir
	Margarette Sveinbjörnsdóttir
	Mörk Starradóttir
	Dagur Karl Hólmarsson
	Emil Paták Valtingojer
4. bekkur	Stefán Arnórsson
	Hanna Dís Björgólfsdóttir
	Hreindís Starradóttir
	Natalia S. Björnsdóttir
5. bekkur	Sigurlija Kamilla Arnarsdóttir
	Einar Örn Valdimarsson
6. bekkur	Luciana Fernandez
	Unnar Karl Árnason
	Kristín Ilmur Hólmarsdóttir
7. bekkur	Guðni Már Valdimarsson
	Axel Eide Ingþórsson
8. bekkur	Analucia Fernandez
	Aþena Sól Káradóttir
	Guðni Berg Hauksson
	Máni Þorsteinsson
9. bekkur	Guðrún Björg Róbertsdóttir
	Katrín Birta Björgvinsdóttir
	Dýrunn Elín Jósefsdóttir
	Kolbrún Björk Jónasdóttir
10. bekkur	Rakel Þorsteinsdóttir
	Ósp Laufeyjardóttir
	Sigurður Borgar Hrannarsson
	Grunnskóli Breiðdalshrepps
	Stöðvarfjarðarskóli

Skólabúðir á Stöðvarfirði

12. maí 2016 - Sólrún Friðriksdóttir



Graffiti

Í síðustu viku dagana 2. til 4. maí voru Skólabúðir á Stöðvarfirði en þær voru ætlaðar öllum nemendum í 7. bekk, í skólum Fjarðabyggðar en þeir eru 64 talsins. Skólabúðirnar eru samstarf Sköpunarmiðstöðvarinnar og Fjarðabyggðar.

Boðið var upp á sjö mismunandi smiðjur og má þar nefna sem dæmi raftónlistasmiðju, grafík og bókband, graff, smíðar og fleira. Kennarar í smiðjunum komu bæði frá Íslandi og erlendis frá og allt toppfólk í sínu fagi.

Þessa daga var líf og fjör á staðnum og mikið skapandi starf í gangi. Flestar smiðjurnar voru í Sköpunarmiðstöðinni en tveir hópar voru í Samkomuhúsinu og Gallerí Snærós. Einnig var nánasta umhverfi talsvert nýtt, hafnarsvæði, fjörur og fjallshliðar.

Nemendur og nokkrir kennarar komu með rútu á morgnana og fóru aftur seinnipartinn. Brekkukonur sáu um að elda hollan og góðan mat ofan í alla hersinguna og var matast í skólanum í tveimur hollum. Elstu nemendur Stöðvarfjarðarskóla voru hörkuduglegir að hjálpa til við frágang og umstangið í hádeginu. Foreldrar og nemendur ferðahópsins sáu síðan um bakkelsi og hressingu seinnipartinn áður en nemendur héldu heim á leið.

Eru allir sammála um að þessar fyrstu skólabúðir hafi tekist afskaplega vel og er stefnt að því að skólabúðirnar, með þeim fjölbreyttu og skapandi námsmöguleikum sem í þeim felast, verði hluti af námsframboði grunnskóla Fjarðabyggðar. Að sögn Rósu Valtingoer, hjá hjá Sköpunarmiðstöðinni, mætti jafnvel þróa búðirnar með þátttöku skóla af öllu Austurlandi fyrir augum.

„Við teljum afar mikilvægt að efla fjölbreytta menntun á svæðinu og þar með auka möguleika íbúanna á því að sækja sér þekkingu í sinni heimabyggð. Samhliða því eykst aðdráttarafli til búsetu á svæðinu,“ segir Rósa.

Verkefnið er styrkt af Sprotasjóði, Fjarðabyggð og Brothættum byggðum, uppbyggingarverkefni Byggðastofnunar.

Meðfylgjandi mynd er af vegglistaverki sem graffitihópurinn vann þar sem innblástur verksins var umhverfið og náttúran í kring. [Hér](#) má sjá nokkrar myndir frá þessum dögum.

Fleiri myndir má sjá inn á Facebook síðu Sköpunarmiðstöðvarinnar: Fish Factory - Creative Center

Myndir

03. maí 2016 - Ingibjörg Eyþórsdóttir



Fullt af myndum úr leik og starfi í leikskólanum komnar á síðuna.

Endilega skoðið. Gleðilegt sumar.

Keppnisdagur 2016

19. apríl 2016 - Björgvin Valur Guðmundsson



Í dag var haldinn árlegur Keppnisdagur en þá reyna nemendur með sér í ýmsum greinum, sumum tengdum skólastarfi og öðrum allsendis því óviðkomandi. Og þó, ekkert er okkur óviðkomandi í skólum landsins.

Nemendur Grunnskólans í Breiðdalshreppi voru með okkur í þetta skipti, rétt eins og í fyrra, og skemmtu allir sér konunglega. Okkur þykir vænt um að eiga aukin samskipti við skólann í Breiðdal því á árum áður var mjög náið samstarf á milli þessara tveggja skóla en það hafði slitnað eitthvað upp úr því með síendurteknum sameiningum sveitarfélaga.

Í ljósmyndakeppninni var þema eldri nemenda "Sjón er sögu ríkari" og við tókum mark á því og bendum ykkur á að [skoða þessar myndir frá deginum.](#)

Gulur dagur

21. mars 2016 - Jónas E. Ólafsson



Inga sker.

Í síðustu viku var "Gulur dagur" hjá okkur í Stöðvarfjarðarskóla, í tilefni páskana. Flestir mættu í einhverju gulu og fengu að sjálfsögðu skúffuköku með gulu kremi. Leikskólabörninn sáu um herlegheitin með dyggri aðstoð þeirra Ingu og Söru. Kunnnum við þeim hinar bestu þakkir fyrir. [Hér eru nokkrar myndir.](#)

Slökun

17. mars 2016 - Björgvin Valur Guðmundsson



Skuggalegt, alveg hreint

Nemendur í 9. og 10. bekk fóru í útjóna með Sollu jógakennara í morgun. Þau fóru í Nýgræðinginn til þess, enda fá svæði betur fallin til slökunar og íhugunar en einmitt hann.

Við tókum loftmyndir af þeim, bæði hreyfimyndir og kyrrmyndir. Hreyfimyndin er hér að neðan en [kyrrmyndirnar má sjá hérna.](#)

Skíðaferð í Oddskarð

17. mars 2016 - Solveig Friðriksdóttir



Nemendur í 1.-10. bekk skelltu sér á skíði í blíðunni í gær.

Við vorum mætt í Oddskarð upp úr níu og flestir byrjaðir að renna sér upp úr hálf tíu. Nemendur sem þurftu leiðsögn fengu hana á staðnum og það kom þeim vel af stað. Nokkrir nemendur völdu að renna sér á sleða og héldu sig í sleðabrekkunni.

Veðrið var eins og best verður á kosið. Sólskin og blankalogn. Sólarvörnin var óspart notuð á andlitin svo þau brynnu ekki í sólinni og endurkastinu.

Skíðað var til að verða hálf tvö, þá brunuðum við heim, alsæl eftir daginn og allir heilir. [Hér](#) sjást nokkrar myndir úr ferðinni.

Hringsýn

24. febrúar 2016 - Björgvin Valur Guðmundsson



Ef smellt er á [þennan hlekk](#), birtist mynd af fjallahringnum hér í Stöðvarfirði og ef þysjað (súmað) er inn á hana, er hægt að snúa henni og sjá fjöllin sem væri maður hangandi í loftbelg eða sitjandi í þyrlu.

[Hérna er svo hægt að skoða myndirnar í hringnum, hverja fyrir sig.](#)

Lestrartréð

17. febrúar 2016 - Solveig Friðriksdóttir



Lestrartréð vex og dafnar sem aldrei fyrr og þó vetur sé í hámarki bætast lauf á greinarnar daglega. Bæði nemendur og starfsfólk setja inn laufblað fyrir hverja lesna bók.

Allir nemendur skólans hófu sams konar skráningu á skóla- og heimalestri í lestrarhest og foreldrar hvattir til að kvitta fyrir daglegan lestur heima. Margir standa sig þar mjög vel. Nú er búið að taka saman heildarfjölda lesinna blaðsíðna hjá hvoru stigi fyrir sig og í lok febrúar fá stigin verðlaun af einhverju tagi ef þau bæta sig í blaðsíðufjölda milli tímabila. Hvert tímabil er tvær vikur.

Einnig fær sá nemandi sem les flestar blaðsíður á tveggja vikna tímabili á hvoru stigi titilinn "Lestrarhestur" mánaðarins. Hann fær mynd af sér upp á vegg sem hangir út næsta mánuð.

Það er gaman að sjá spenninginn fyrir því að ná sem flestum blaðsíðum og það er hörð keppni á Yngra stigi, hver fær titilinn, "Lestrarhestur febrúar".

Öskudagur

10. febrúar 2016 - Solveig Friðriksdóttir



Öskudagsfjör

Eins og venjan er mættu flestir nemendur og starfsfólk til starfa í hinum ýmsu dulargervum. Sumir voru ill þekktanlegir, aðrir skelfilegir en allir glaðir og kátir.

Fyrstu tvær kennslustundir var almenn kennsla og allir unnu af miklu kappi. Ekki leyndi sér þó að spenningur var fyrir því sem framundan var, að fara í íþróttahúsið.

Eftir nesti skunduðu fígúrunar allar í íþróttahúsið og leystu nokkrar mínútuþrautir þar til nemendur og starfsfólk af leikskólanum sameinaðist hópnunum.

Þá var sett upp þrautabraut, farið í fallhlífina, hlaupið í skarðið og áður en krakkarnir slóu "köttinn" úr tunnunni leiddu Inga og Sara marseringuna vinsælu.

Allir nemendur sem haldið gátu á kylfu slóu "köttinn" úr tunnunni sem Björgvin Valur og Siggí smíðuðu. Hún hélt alveg þrjár umferðir og auðvitað var gottarið ekki innanborðs heldur í pokum frá Brekkunni, Landatanga, Póstinum, Landsbankanum og Heilbrigðisstofnun Austurlands.

Þegar dagskrá í íþróttahúsinu var lokið hélt hópurinn á Brekkuna og snæddi þar pylsur af bestu lyst enda mikið búið að hamast.

Nú tekur við vetrarfrí hjá nemendum sem flestir eru örugglega sáttir við að kúra undir teppi meðan snjónum kyngir niður og maula góðgætið úr pokanum.

[Hérna sjást nokkrar myndir frá deginum....](#)

Starfsdagur og vetrarfrí

08. febrúar 2016 - Jónas E. Ólafsson



Frá öskudegi 2015

Eins og fram kemur á skóladagatölum eru starfsdagar þessa vikuna. Í grunnskólanum er starfsdagur á fimmtudag og vetrarfrí á föstudag (tveir frídagar hjá nemendum). Í leikskólanum er starfsdagur á föstudaginn (einn frídagur hjá nemendum).

Dagur leikskólans

03. febrúar 2016 - Jónas E. Ólafsson



Kaffitími

Dagur leikskólans.

Í tilefni af degi leikskólans sem er 6. febrúar ætlum við í leikskólanum á Stöðvarfirði að hafa opið hús föstudaginn 5. febrúar frá klukkan 10:00 – 11:30. Allir eru velkomnir og geta leikið sér -- og við börnin. Það rúllar myndasýning frá ýmsum atburðum leikskólans liðinna ára. Boðið verður upp á kaffi og meðlæti.

Jafnframt verður sýning á listaverkum barnanna á Brekkunni næstu 2 – 3 vikur.

Bestu kveðjur, starfsfólk.

Byrjendalæsi - þorrinn -

27. janúar 2016 - Solveig Friðriksdóttir



Þegar þorrinn stendur sem hæst er vel við hæfi að tengja verkefni Byrjendalæsis við þennan forna mánuð. Einnig er stutt í þorrablót Foreldrafélags Stöðvarfjarðarskóla.

Unnið er út frá bókinni; Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti með mesta áherslu á þorrann. Rætt er um gömlu mánuðina, ýmsar hefðir sem tengjast þorranum og að sjálfsögðu um þorramatinn. Unnið með ýmis orð tengd þorranum í alls kyns verkefnum og farið í gegnum kvæðið Þorraþræl. Dæmi um verkefni eru orðabingó, orðasúpa, nafnorða og sagnorðavinna og krossgátur.

Í vikunni gerðu krakkarnir verkefni um þorramat. Þeir merktu þorramat á útprentuðum þorrabakka, klipptu út sinn eigin ask og skrifuðu eða teiknuðu inn þann þorramat sem þeim þykir bestur.

[Hér sjást myndirnar úr vinnunni....](#)

Snjóblástur

15. janúar 2016 - Jónas E. Ólafsson



Axel á fullu.

Á meðan samemendur Axels Eide voru í jóгатíma, fór hann með Björgvini kennara sínum í útiverkin. Hann fór um leikskólalóðina og hreinsaði þar með miklum myndarskap. Bunan stóð út úr blásaranum og áttu menn fótum sínum fjör að launa.

Bókartré

13. janúar 2016 - Jónas E. Ólafsson



Bókartréð að verða tilbúið. Fyrsta bókin (laufblaðið) er komin á sinn stað. Þetta er angi af lestrarstefnu skólans, en þar segir m.a:

"Bókatré: Nemendur og starfsfólk taka þátt í verkefninu. Allar lesnar bækur í skóla og heima eru skráðar á laufblöð og þau fest á greinar trésins."

Skólabyrjun

02. janúar 2016 - Jónas E. Ólafsson



Gleðilegt nýtt ár. Skólastarf hefst að nýju mánudaginn 4. janúar. Leikskólinn opnar kl. 8 að venju og grunnskólinn hefst kl. 9.40.

Flogið kringum jólatréð

15. desember 2015 - Björgvin Valur Guðmundsson



Þorpsjólatréð stendur á Balanum sem endranær og okkur þótti tilvalið að fara nokkra hringi í kringum það og skoða þorpið úr lofti í leiðinni.

Jólabakstur

03. desember 2015 - Björgvin Valur Guðmundsson



Bakaradrengrirnir

Eldra stigið bakaði smákökur í dag.

Sosem ekkert mikið um það að segja en [myndirnar tala sínu máli.](#)

Haustið 2015

01. desember 2015 - Ingibjörg Eypórsdóttir



Aðstoðarmenn slökkviliðsins

Það hefur verið margt og mikið um að vera hjá okkur í haust, má þar nefna afmæli, bangsadag, hattadag, lögguheimsókn, gönguferðir og ýmislegt fleira endilega skoðið nýju myndirnar þessu tengdu .

Kjötsúpumaðurinn

30. nóvember 2015 - Björgvin Valur Guðmundsson



Síðastliðinn fimmtudag var leikritið Kjötsúpumaðurinn frumsýnt af nemendum Stöðvarfjarðarskóla. Leikritið var að sjálfsgöðu tekið upp með hreyfimyndavél og er þá upptöku að [finna á Einbúanum, skólablaði Stöðvarfjarðarskóla](#).

En það voru líka teknar ljósmyndir af undirbúningi sýningarinnar og [þær eru hér](#).

Árshátíðarundirbúningur

24. nóvember 2015 - Sólrún Friðriksdóttir



Skólastarfið þessa viku og síðustu viku hefur nær eingöngu verið æfingar og undirbúningur árshátíðarinnar sem verður núna á fimmtudaginn. Þá munu krakkarnir flytja leikritið "Kjötsúpumaðurinn" sem er samið af Björgvin Val, fyrir hópinn og er hann jafnframt leikstjóri. Eru þar tekin fyrir mál sem tengjast vel inn í þjóðmálaumræðu dagsins í dag.

Þrátt fyrir að hefðbundin stundaskrá sé að mestu lögð til hliðar á meðan á þessu stendur fer samt fram heilmikið nám. Margar greinar eru hér samþættar s.s. lestur, hlustun, leikræn tjáning, tónlist, myndlist, textílmennt, smíði, stærðfræði, saga og fl. Einnig er þetta góð þjálfun í samvinnu, þolinmæði og tillitssemi. Heimanámið hefur að mestu falist í því að læra hlutverkin sín og söngvana. [Sjá myndir](#)

Myrkralærdómur

18. nóvember 2015 - Solveig Friðriksdóttir



Fyrir Daga myrkurs skreyttum við stofuna hjá Yngra stigi og einn morguninn meðan enn var dimmt stunduðum við Myrkralærdóm.

Við kenndum krökkunum engin myrkraverk heldur lærðu þau í námsbókunum sínum við kentaljós og kósíheit. Það fór allt vel fram og stundin var ljúf og notaleg.

Ýmislegt fleira var brallað á Dögum myrkurs, Hanna Björk las draugasögu, það var boðið upp á svart nammi á bókasafninu og nemendum skólans bauðst að koma í skólann einn eftirmiðdag í myrkrafeluleik. Hann bar nafn með rentu því rafmagnið hafði verið tekið af og um stund höfðum við algjört niðamyrkur með tilheyrandi spennu, skrækjum og ótta hjá sumum.

[Hér sjást nokkrar myndir úr Myrkralærdómnum.](#)

Solla og Gurra

Seinkun á árshátíð

16. nóvember 2015 - Jónas E. Ólafsson



Frá undirb. í fyrra.

Við ætlum að fresta árshátíðinni um eina viku og er hún fyrirhuguð fimmtudaginn 26. nóvember n.k. Ástæðan er sú að veikindi hafa verið að herja á nemendur, en eins og fólk veit taka allir nemendur þátt. Leiklestur er á fullu og leikæfingar byrjuðu í morgun.

Endurskinsmerki

12. nóvember 2015 - Björgvin Valur Guðmundsson



Lögreglan heimsótti okkur í morgun og fræddi börnin um notkun endurskinsmerkja og nauðsyn þess að bera þau utan á sér í skammdeginu.

Það var Óskar Þór frá lögreglunni á Fáskrúðsfirði sem kom en hann var ekki einn á ferð því lögreglubangsinn Lúlli var einnig með í för.

Í ljós kom (ha, ha, ha) að krakkarnir vissu heilmikið um endurskinsmerki og það gagn sem þau gera en sjaldan er góð vísa of oft kveðin. Þess vegna beinum við þeim tilmælum til

foreldra og forráðamanna að þau fylgist með því að börnin hafi á sér endurskin af einhverju tagi þegar þau fara út núna í skammdeginu.

[Hérna eru fleiri myndir frá heimsókn lögreglunnar.](#)

Fyrsti samlestur.

11. nóvember 2015 - Sólrún Friðriksdóttir



Nú er hafinn undirbúningur fyrir árshátíðina okkar og var fyrsti samlestur sl. föstudag.

Eins og undanfarin ár er um frumsamið leikverk að ræða sem er að sjálfsögðu æsispennandi og í því leynist ýmiss boðskapur. Allir nemendur grunnskólans fara með hlutverk í leikritinu og er mikil vinna framundan þar til kemur að stóru stundinni. Eiga krakkarnir eflaust eftir að leggja sig mikið fram og standa sig með þryði. [Sjá myndir.](#)

Alþjóðlegi bangsadagurinn

22. október 2015 - Jónas E. Ólafsson



Nemendur komu með bangsa í skólann í tilefni af alþjóðlega bangsadeginum. Nemendur á yngra stigi og bangsarnir fóru síðan í heimsókn á leikskóladeildina. Þar lék sér allir í sátt og samlyndi í góða stund. Þessi heimsókn er einnig liður í verkefninu Brúum bilið.

Bleikur dagur

15. október 2015 - Jónas E. Ólafsson



Í dag mættu allir í bleiku, til að sýna samstöðu með árvekniátaki Bleiku slaufunnar og baráttunni gegn krabbameini hjá konum. Að vísu vantaði nokkra í skólann þennan dag, en við treystum að Björgvin Valur og Sigurður séu í bleikum náttserkjum í dag. Einnig að Hanna Dís, Natalia og Viktoria hafi bleikt í fyrirrúmi úti á Tenerife og sama á við um Sólrúnu í Austurríki. [Sjá myndir...](#)

Myndmenntatími

18. september 2015 - Jónas E. Ólafsson



Vandað til verks.

Nemendur á yngra stiginu notuðu myndmenntatímamann sinn og tengdu við Byrjendalæsið. Þar er unnið m.a. með Flumbru. Var hún sett á pappír og væntanlega sett upp á áberandi stað í skólanum. [Sjá myndir](#)

Sundkennslan (áframhald)

10. september 2015 - Jónas E. Ólafsson



Axel og Natalia fyrir tveimur árum.

Sundkennslan verður með annarri tímasetningu föstudaginn 11. sept.

1. - 3.b. kl. 11.30

4. - 7.b. kl. 12.30

8. - 10.b. kl. 13.30

Tónlist fyrir alla

09. september 2015 - Jónas E. Ólafsson



Í dag fengum við góða heimsókn, þegar "Tónlist fyrir alla" kom. Að þessu sinni var óperutónlist. Nemendur og starfsfólk skólanna á Stöðvarfirði og Breiðdalsvík nutu góðrar tónlistar, gleði og hressilegrar framkomu Tríoþa hópsins.

Tríoþa samanstendur af söngvurunum Hallveigu Rúnarsdóttur sópran, Jóni Svavari Jósefssyni barítónsöngvara og Guðrúnu Dalíu Salómonsóttur píanóleikara. Öll hafa þau vakið mikla athygli undanfarin ár sem flytjendur, Hallveig og Jón hafa t.d. starfað við Íslensku óperuna og með Sinfóníuhljómsveit Íslands og Guðrún Dalía hefur fest sig í sessi sem einn helsti meðleikari okkar Íslendinga, sérstaklega með söngvurum.

[Fleiri myndir.](#)

Lestur

07. september 2015 - Jónas E. Ólafsson



Læsi í fyrirúmi.

Nemendur kl. 8.05 á mánudagsmorgni. Við byrjum alltaf á yndislestri fyrsta korterið á skóladeginum. Hér má sjá alla á eldra stiginu niðursökkna við lesturinn.

Sundkennslan

01. september 2015 - Jónas E. Ólafsson



Sigurður Borgar.

Rífandi gangur í sundkennslunni. Sigurður Borgar er náttúrulega fyrirmynd allra, glaðlegur að vanda. Hann er elstur nemenda og veit hvernig á að haga sér..

[Sund2015.](#)

Sundkennsla haustið 2015

27. ágúst 2015 - Jónas E. Ólafsson



Slökun í pottinum.

Sundkennslan hefst föstudaginn 28. ágúst. Kennt verður í 3 hópum í sex daga. Kennsludagarnir verða: 28. ágúst, 31. ágúst, 4. sept., 7. sept., 14. sept. og 18. sept. Kennari verður Vilberg Jónasson, íþróttakennari við Grsk. Fáskrúðsfjarðar.

kl. 13-14 1.-3. bekkur

kl. 14-15 4.-7. bekkur

kl. 15-16 8.-10. bekkur

Nafnalistinn:

Nemendur í sundkennslu haustið 2015

1. bekkur	Sólveig Björg Þórarinsdóttir
	Dóra Maggý Friðjónsdóttir
	Viktoria S. Björnsdóttir
2. bekkur	Ernst Ingólfur Gasser
	Gunnar Bjarmi Borgarsson
3. bekkur	Dalía Sif Ágústsdóttir
	Mörk Starradóttir
	Ríkey Perla Arnarsdóttir
	Margarette Sveinbjörnsdóttir
	Dagur Karl Hólmarsson
	Emil Paták Valtingojer
 	
4. bekkur	Hreindís Starradóttir
	Stefán Arnórsson
	Hanna Dís Björgólfsdóttir
	Natalia S. Björnsdóttir
	Halldóra Óskarsdóttir
5. bekkur	Sigurlilja Kamilla Arnarsdóttir
	Fritz Haraldsson
6. bekkur	Luciana Fernandez
	Unnar Karl Árnason
	Kristín Ilmur Hólmarsdóttir
	Jónatan Emil Sigþórsson
7. bekkur	Axel Eide Ingþórsson
 	
8. bekkur	Analucia Fernandez
	Guðni Berg Hauksson
	Máni Þorsteinsson
9. bekkur	Guðrún Björg Róbertsdóttir
	Katrín Birta Björgvinsdóttir
	Dýrunn Elín Jósefsdóttir
	Kolbrún Björk Jónasdóttir
10. bekkur	Ösp Laufeyjardóttir
	Rakel Þorsteinsdóttir
	Sigurður Borgar Hrannarsson

Skólabyrjun

24. ágúst 2015 - Jónas E. Ólafsson



Nýjustu nemendurnir

Fyrsti skóladagurinn rann upp í dag. Ekki gekk allt hnökralaust fyrir sig, þar sem rafmagnsleysi olli skemmdum á tölvukerfi skólans. Því var ekki hægt að prenta stundaskrár o.fl. Að öðru leyti gekk allt vel fyrir sig og nemendur áttu gott spjall við starfsfólkið. Það hefur tagnað úr nokkrum nemendum og þurfa turnarnir tveir (BVG og JEÓ) að hafa sig alla við í þeim efnum.

[Sjá fleiri myndir.](#)